

FUNDARGERÐ

Fundur nr. 47 í stjórn Herjólfss ohf., haldinn 29. apríl 2020 kl. 17:00.

Símafundur.

Mættir voru: Agnes Einarsdóttir, Aníta Jóhannsdóttir, Arndís Bára Ingimarsdóttir, Arnar Pétursson, Birna Vídó Þórsdóttir, Guðlaugur Friðþórsson, Páll Þór Guðmundsson og Guðbjartur Ellert Jónsson framkvæmdastjóri.

Til fundarins var boðað með tölvupósti. Engar athugasemdir bárust varðandi boðunina.

Á dagskrá fundarins voru tveir dagskrárliðir:

1. Staða mála –fundir með Vegagerð.

Fulltrúar Herjólfss ohf. áttu fund með Vegagerðinni og Vestmannaeyjabæ þann 29. apríl. Bergþóra Þorkelsdóttir Vegamálastjóri upplýsti á fundinum að Vegagerðin gerir sér að fullu grein fyrir mikilvægi góðra samgangna á milli lands og eyja. Markmið og vilji bæði Vegagerðarinnar og Samgönguráðuneytis væru í samræmi við gerðan þjónustusamning, og að í sumar yrðu sigldar sex ferðir daglega í Landeyjahöfn. Frekari fundir hafa verið boðaðir.

Stjórn Herjólfss fagnar skilningi Vegagerðarinnar og Samgönguráðuneytisins á mikilvægi góðra samgangna milli lands og eyja. Stjórn felur framkvæmdastjóra og formanni að fylgja eftir málefnum Herjólfss ohf. við Vegagerðina og Samgönguráðuneytið í samstarfi við Vestmannaeyjabæ.

2. Önnur mál.

Engin önnur mál rædd.

Næsti stjórnarfundur er áætlaður 6. maí 2020.

Ekki annað rætt.

Fundi slitið kl. 18:05.

Fundargerð ritaði Agnes Einarsdóttir.